

þyrfti að vera á þönum hingað og þangað með skipanir sínar, gleymdi hann ekki að hafa stöðugt auga á veggnum.

Alt í einu tekur hann eftir því, að efsti hluti veggjarins er farinn að skjálfa, og skilur óðar, að veggurinn er kominn að því að hrynja. Hleypur því að vörmu spori út á strætið og kallar hátt og skýrt til manna sinna: „Hörfið undan!“

Þeir voru vanir við að hlýða skipunum höfðingja síns undir eins, og hörfuðu því óðar undan og hlupu yfir strætið. Fáum augnablikum seinna skall veggurinn, og bletturinn, þar sem mennirnir höfðu staðið, var hulinn rústum.

Atvikið má nota fyrir daglega lífið. Höfðinginn okkar, hinn alsjáandi guð, gefur nákvæmlega gætur að hverri hættu, sem við erum staddir í. Þegar við freistumst, erum við í hættu staddir, og þá kallar hann: „Hörfið undan!“

Hlygginn er sá drengur, sem heyrir þá og hlýðir, áður en hættan dettur á hann.

Það er engin ragmenska að hörfa undan, þegar eins stendur á, heldur einmitt það, sem á við þá. Viðvörðunin kemur ætíð í tæka tíð. Og þá er skylda okkar að vera eins fljótir að hlýða eins og slökkviliðið var.

Drengir! hörfið undan — þegar drottinn kallar.

Úr *Boy's World*.

ÞAD ER EKKI TIL NEINS!

Það er margt ljótt orðið talað. En með hinum allra ljótustu er þetta oft. Þegar það er orð vantrúar og vantrausts, kærleiksleysis og leti — *orð vonds vilja*.

Þegar um gott málefni, sem drottinn vill að unnið sé að, er sagt: „Það er ekki til neins að reyna það!“ — ósköp er það ljótt!

Ef postularnir hefðu sagt um verkið, sem Jesús fékk þeim í hendur: „Það er ekki til neins að reyna það!“; — ef Lúter hefði sagt um verkið, sem guð kallaði hann til að vinna: „Það er ekki til neins!“; — og ef þúsundir af mönnum, sem unnið hafa stórvirki í heiminum mönnum til blessunar, er virtist